

Eldisstöð laxfiska á landi í Vestmannaeyjum

Álit um mat á umhverfisáhrifum

1 Inngangur

1.1 Framlagning og kynning umhverfismatsskýrslu

Þann 27. apríl 2022 lagði Icelandic Land Farmed Salmon fram umhverfismatsskýrslu um eldisstöð laxfiska á landi í Vestmannaeyjum til kynningar og athugunar Skipulagsstofnunar sbr. 23. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Framkvæmdin og umhverfismatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 23. ágúst 2022 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Eyjafréttum. Umhverfismatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 23. ágúst til 4. október 2022 í Ráðhúsi Vestmannaeyjabæjar og hjá Skipulagsstofnun. Umhverfismatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar. Kynningarfundur var haldið af hálfu Icelandic Land Farmed Salmon í samstarfi við Vestmannaeyjabæ þann 27. september 2022.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Vestmannaeyjabæjar, Rangárpings eystra, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, HS Veitna, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar.

1.2 Gögn

Framlögð gögn Icelandic Land Farmed Salmon

Umhverfismatsskýrsla: Eldisstöð laxfiska á landi í Vestmannaeyjum. Umhverfismat framkvæmda og áætlana. Umhverfismatsskýrsla. Icelandic Land Farmed Salmon og EFLA verkfræðistofa, júlí 2022.

Viðaukar með umhverfismatsskýrslu:

- A. Afstöðumynd fyrir fyrirhugað framkvæmdarsvæði
- B1. Minnisblað Vatnaskila – Frumgreining grunnvatnsauðlindarinnar í Viðlagafjöru
- B2. Minnisblað Vatnaskila – Greining tiltækra upplýsinga til mats á mögulegum áhrifum grunnvatnsvinnslu í Viðlagafjöru
- C. Minnisblað EFLU – Lektarprófanir í Viðlagafjöru vegna fyrirhugaðrar siturtjarnar
- D. Minnisblað Mannvits – Sýnataka og efnisprófanir á efni í gamla Hraunveitusvæðinu í Eldfellshrauni (AT-2)
- E. Minnisblað Náttúrustofu Suðurlands – Fuglalíf í Viðlagafjöru
- F. Áhrif framkvæmdar á atvinnulíf og byggðarþróun – samantekt framkvæmdaraðila
- G. Minnisblað HS Veitna – Sjótaka Heimaey
- H. Minnisblað ÍSOR – Vestmannaeyjar - Um stutta loftdælingu úr sjóholum
- I. Teikningar af fiskigildru í frárennsli
- J. Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga í útrás

Framkvæmdaraðili lagði fram uppfærða umhverfismatsskýrslu 15. ágúst 2022.



Að loknum kynningartíma umhverfismatsskýrslu bárust Skipulagsstofnun viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum 25. október og 3. nóvember 2022.

Umsagnir og athugasemdir

Umsagnir um umhverfismatsskýrslu bárust frá:

- Vestmannaeyjabæ 4. október 2022,
- Fiskistofu 6. október 2022,
- Hafrannsóknastofnun 3. október 2022,
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 10. október 2022,
- Matvælastofnun 4. október 2022,
- Minjastofnun Íslands 3. október 2022,
- Náttúrufræðistofnun Íslands 5. október 2022,
- Orkustofnun 1. nóvember 2022,
- Samgöngustofu 6. október 2022,
- Umhverfisstofnun 21. október 2022,
- Vegagerðinni 15. september 2022.

Auk framangreindra umsagna barst umsögn frá Stefáni Friðrikssyni f.h. Ísfélags Vestmannaeyja hf. 30. september 2022.

2 Framkvæmd

2.1 Framkvæmdalýsing

Í köflum 2.4 til 2.6 í umhverfismatsskýrslu Icelandic Land Farmed Salmon er að finna lýsingu á fyrirhuguðum framkvæmdum. Þar kemur fram að fyrirtækið hyggist sækja um leyfi fyrir og hefja landeldi í Viðlagafjöru og seiðaelði í Friðarhöfn. Áætluð framleiðsla á laxfiskum í Viðlagafjöru verði um 11.500 tonn á ári, með hámarkslífmassa um 7.000 tonn en hámarkslífmassi seiðaeldisstöðvarinnar verður um 200 tonn.

Seiðaeldisstöð í Friðarhöfn

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að eldisstöðin í Friðarhöfn verði um 6.000 m² að stærð með heildareldisrými á bilinu 2000-4000 m³. Seiði verði alin þar til þau ná um 60-100 gr. að þyngd, en þá verði þau flutt að frumeldiskerjum í Viðlagafjöru. Stöðin verði tengd við vatnsveitu Vestmannaeyjabæjar og meðalvatnsnotkun stöðvarinnar er áætluð um 2 l/s, en möguleg vatnsnotkun seiðaeldisins geti orðið að hámarki 40 l/s. Eldið mun notast að hluta til við umframvatn frá vatnsveitunni. Fram kemur að stöðin muni losa um 400 tonn af seyru á ári, en tromlusíur muni hreinsa fráveituvatnið áður en því verði veitt í fráveitukerfi Vestmannaeyjabæjar.

Eldisstöð í Viðlagafjöru

Fram kemur að lóð eldisstöðvarinnar í Viðlagafjöru sé 9,11 ha. Eldið verður byggt upp í tveimur áföngum og verður framleiðsla í fyrri áfanga 4.900 tonn á ári en í seinni áfanga verður möguleg framleiðsluaukning 6.600 tonn. Samtals þarf um 12.100 tonn af fóðri árlega fyrir fullan rekstur. Gert er ráð fyrir 21 eldiskeri sem hvert um sig verður 5.000 m³ og 27 m að þvermáli og 15 m að hæð frá botni að kertoppi. Einnig er gert ráð fyrir 9 minni kerum sem verða 1.900 m³, 19 m að þvermáli og 12,5 m há frá botni að kertoppi. Þá verður reist 3.300 m² þjónustubygging auk smærri mannvirkja sem þjóna rekstrinum.



Vatnstaka

Fram kemur að áætluð jarðsjávertaka stöðvarinnar verði um 4.500 l/s fyrir fyrsta áfanga og um 10.600 l/s fyrir fullan rekstur. Við vinnslu jarðsjávar verði boraðar a.m.k. 27 borholur. Einnig verði grafin, rifuð 250 m löng lögn meðfram strandlínunni, sem virki eins og láréttur brunnur. Vatnstakan verði síðan miðuð að því að hámarka hitastig þess sjávar sem sé í boði fyrir eldisstöðina, þ.e. strandsjó að sumri til að nýta hlýjan yfirborðssjó.

Fráveita

Fram kemur að frárennsli frá eldiskerjum verði grófhreinsað með tromlusíum og fari svo í gegnum hreinsistöð áður en það fari í steipta fortjörn þar sem muni eiga sér stað frekari botnfelling svifagna sem verði hreinsaðar eftir þörfum og settar í mykjutank. Lokaskref hreinsunarinnar sé svokölluð viðtakatjörn þar sem fráveituvatn sitri út til viðtaka. Einnig sé til skoðunar að fráveituvatni úr eldiskerjum verði veitt til sjávar um stökk neðan við eldisstöðina eftir grófhreinsun með tromlusíum. Gert er ráð fyrir að um 2.500 tonn af úrgangi (þurrvigt) falli til á ári miðað við fullan rekstur.

2.2 Frávik frá matsáætlun

Í umhverfismatskýrslu kemur fram að hönnun stöðvarinnar hafi farið fram samhliða rannsóknum tengdum umhverfismatinu og hafa orðið breytingar á fyrirhugaðri framkvæmd frá því að matsáætlun var kynnt, sjá nánar í töflu 1.2 í umhverfismatskýrslu. Frávik frá matsáætlun eru eftirfarandi:

Seiðaeldisstöð. Áformað var að seiði yrðu aðkeypt og flutt frá landi, en framkvæmdaraðili mun starfrækja seiðaeldi í Friðarhöfn fyrir áframeldi í Viðlagafjöru.

Möguleiki á sölu á smálaxi. Framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir möguleika á að selja smálax.

Súrefnisframleiðsla. Gert var ráð fyrir flutningi súrefnis frá Höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdaraðili áformi nú að framleiða súrefni á staðnum með vinnslu úr andrúmslofti. Lítil hluti súrefnis verður keyptur og geymdur á svæðinu sem neyðarbirgðir.

Sjótaka. Gert var ráð fyrir að sjótaka yrði einungis úr borholum. Sjótaka verður blönduð. Vatn verður sótt úr borholum auk þess að hlýrri sjór verður sóttur úr sjótökubrunnum á sumrin.

Vatnstaka. Gert var ráð fyrir að hámarksvatnstaka myndi nema um 9.000 l/s af jarðsjó en verður um 10.600 l/s.

Uppstilling stöðvar. Lagt var upp með að stöðin yrði stölluð í landi þar sem 1,5 m lækkun yrði á milli kerja í hverri kerjalínu en áformað er að stöðin verði öll jöfn í landi.

Sjóforðatankar og sjótökubrunnar. Gert var ráð fyrir þremur sjóforðatönkum en engum sjótökubrunni en framkvæmdaraðili gerir nú ráð fyrir 250 m sjótökubrunni meðfram strandlínunni í stað sjóforðatanka.

Framleiðsla. Ársframleiðsla var áætluð 10.000 tonn af óslægðum laxi en verður 11.500 tonn.

2.3 Valkostir

Í umhverfismatskýrslu framkvæmdaraðila eru lagðir fram tveir valkostir við fyrirkomulag fráveitu starfseminnar í Viðlagafjöru sjá umfjöllun hér að framan. Aðalvalkostur felur í sér losun á fráveitu í viðtakatjörn í kjölfar grófhreinsunar, en skv. öðrum valkosti verður fráveituvatni veitt í lögn til sjávar eftir grófhreinsun.



3 Mat á umhverfisáhrifum

Í umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila eru notaðar vægiseinkunnirnar verulega jákvæð, talsvert jákvæð óveruleg, talsvert neikvæð, verulega neikvæð og óvissa. Gerð er grein fyrir vægiseinkunnum í töflu 3.2 á bls. 65 í umhverfismatsskýrslunni. Skipulagsstofnun notar einnig fyrrnefndar vægiseinkunnir í þessu álitni auk einkunnarinnar nokkuð neikvæð og er þá átt við staðbundin áhrif sem ná ekki yfir umfangsmikið svæði, áhrifasvæðið kann að njóta verndar eða vera á annan hátt viðkvæmt fyrir breytingum og áhrifin geta verið að hluta varanleg og óafturkræf.

Við umfjöllun um hvern umhverfisþátt hér að neðan eru fyrst dregin saman meginatriði úr mati framkvæmdaraðila á umhverfisáhrifum. Þar á eftir fylgir umfjöllun Skipulagsstofnunar sem byggir á umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila og umsögnum sem bárust á kynningartíma umhverfismatsskýrslu auk annarra gagna.

3.1 Vatnstaka

3.1.1 Mat framkvæmdaraðila

Í umhverfismatsskýrslu er gerð grein fyrir áhrifum vatnstöku á grunnvatns- og sjávarstrauma og byggir umfjöllun og mat á fyrirliggjandi rannsóknum^{1,2,3,4} og skýrslum^{5,6} sem unnar voru varðandi grunnvatn og jarðsjó í Vestmannaeyjum. Rekstur eldisstöðvarinnar krefst vatnsmagns upp á 4.500 l/s í fyrsta áfanga og 10.600 l/s miðað við fullan rekstur, sem aflað verður með jarðsjávarstöku úr grunnvatnskerfinu í Viðlagafjöru. Samkvæmt áætlunum framkvæmdaraðila verður jarðsjónum annars vegar dælt upp til yfirborðs úr brunni sem liggur meðfram strandlínunni á 5-10 m dýpi og hins vegar úr djúpum borholum (> 80 m dýpi). Mögulega verður jarðsjó einnig dælt upp úr borholum á um 40-60 m dýpi ef þörf verður á. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að almennt séu góðar náttúrulegar aðstæður til jarðsjávaröflunar við Viðlagafjöru. Svo virðist vera sem tveir vatnsleiðarar séu á svæðinu sem báðir sýni sterka tengingu við sjávarföll. Grunnvatn svæðisins er þar að auki salt og lítið sem ekkert ferskvatnslag til staðar. Með hliðsjón af ofanrituðu metur framkvæmdaraðili að áhrif vatnstöku á grunnvatns- og jarðsjávarstraum verði staðbundin og óveruleg.

¹ Raforkumálastjóri, *Djúpborun í Vestmannaeyjum*. Jarðhitadeild og Jarðboranir Ríkisins, 1965.


² Orkustofnun, *Orkuöflun til húshitunar í Vestmannaeyjum. Niðurstöður borana í hraunið*. Unnið fyrir Iðnaðarráðuneytið. Nóvember 1987. OS-87049/JHD-10". 1987.

³ Orkustofnun, *Vestmannaeyjar. Borholur á Heimaey og mælingar í þeim*. Unnið fyrir hitaveitu Suðurnesja. Greinargerð PHH-ÞJ-SHj-2002-13". 2002.

⁴ Orkustofnun, *Grunnvatnsathuganir fyrir hitaveitu Vestmannaeyja*. Mars 1982. Skilgrein OS82032/VOD20 B." 1982.

⁵ Eric M. Myer, 2022. *Frumgreining grunnvatnsauðlindarinnar í Viðlagafjöru, Vatnaskil verkfræðistofa*. Unnið fyrir Sjálfbært fiskeldi í Eyjum ehf.

⁶ Eric M. Myer og Sveinn Óli Pálmason, 2022. *Greining tiltækra upplýsinga til mats á mögulegum áhrifum grunnvatnsvinnslu í Viðlagafjöru, Vatnaskil verkfræðistofa*. Unnið fyrir Icelandic Land Farmed Salmon.



Mynd 1. Hugmyndalíkan af Viðlagafjöru, (Mynd úr umhverfismatsskýrslu).

Mótvægisáðgerðir

Fram kemur í umhverfismatsskýrslu að reynt verði að dreifa úr vinnsluholum eins og hægt sé til að lágmarka staðbundin áhrif dælingar á grunnvatns- og sjávarstrauma.

3.1.2 Umsagnir og svör framkvæmdaraðila

Í umsögn Orkustofnunar vísar stofnunin til þess að fram komi í gögnum framkvæmdaraðila að áætluð heildarvatnstaka í rúmmetrum verði jöfn alla mánuði ársins, óháð dagafjölda hvers mánaðar, og þarf af leiðandi reiknast stofnuninni að breytileg upptaka verði í l/s eftir mánuðum, þ.e. frá 10.400 til 11.514 l/s. Telur stofnunin þessa framsetningu vekja upp spurningar um áætlaða vatnstöku sem þarfnist nánari skýringar við. Þá vakna jafnframt spurningar um áformaða jarðsjávarstöku til meðferðar við vinnslu, þrif og kælingu en tilgreint er að sú notkun haldist í hendur við eðli starfseminnar hverju sinni og bætist því við notkun við framleiðslu. Bendir stofnunin á að ekki komi fram hver verði hámarksupptaka jarðsjávar við fulla framleiðslu og að viðbætti annarri notkun. Orkustofnun bendir einnig á að fram komi í gögnum framkvæmdaraðila að vinnsla úr neðri grunnvatnsleiðaranum sé ekki talin valda verulegum eða víðtækum þrýstiáhrifum um Heimaey og telja Vatnaskil að endurnýjun jarðsjávar verði greið í stað þess vatns sem dælt verði. Orkustofnun geri ekki athugasemdir við framangreinda umfjöllun á þessu stigi. Sæki félagið um nýtingarleyfi, sbr. auðlindalög, mun Orkustofnun á því stigi taka afstöðu til vöktunar og eftirlits með nýtingu, verði leyfi veitt. Á því stigi mun verða tekin afstaða til þeirra þátta sem tilgreindir eru í umhverfismatsskýrslu, og að teknu tilliti til umsagna um skýrsluna, álits Skipulagsstofnunar og umsagna um umsókn.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þegar stöðin verði komin í fullan rekstur megi búast við litlum breytingum í vinnslu milli mánaða, enda fiskur á öllum vaxtarstigum í framleiðslu. Notkun á jarðsjó geti verið mjög mismunandi eftir lífmassa í kerjum. Reikna megi með að lágmarksnotkun á jarðsjó í hverju kari verði ekki mikið undir 200 l/s en hámarksnotkun fari ekki yfir 500 l/s en að meðalnotkun á kari verði í kringum 300 l/s. Þar sem um sé að ræða 30 kör í fullri framleiðslu þá má gera ráð fyrir 8.400 l/s. Varðandi notkun á jarðsjó sem tengist öðrum þáttum framleiðslunnar, þá séu þær tölur óverulegar í samanburði við frumdælingu í sjálfu fiskeldinu. Ætla megi að hámarksnotkun í því samhengi verði aldrei meiri en 100 l/s. Ef reistir yrðu sérstakir sláturtankar til geymslu á lifandi fiski, megi gera ráð fyrir að hámarksnotkun væri í kringum 800 l/s af jarðsjó. Sótt verður um nýtingarleyfi um hámarksdælingu á 10.000 l/s af jarðsjó.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á varðandi umfjöllun í umhverfismatsskýrslu um vatnsleiðni og lekt jarðlaga í Vestmannaeyjum, að grunnvatnið sem slíkt, falli undir skilgreiningu grunnvatns í 3.



gr. reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun sem segir að grunnvatn er „vatn, kalt eða heitt, sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi.“ Því gildir um það eins og önnur grunnvatnshlot að það skal vera í góðu ástandi og megi ekki falla um ástandsflokk. Ef slíkt gerist þurfi framkvæmdaraðili að fara í aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að ástand grunnvatnshlotsins verði vaktað og gripið til viðeigandi aðgerða ef vöktun bendir til þess að ástandi vatnshlotsins hraki.

3.1.3 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Fyrir liggur, skv. framlögðum gögnum, að berggrunnurinn í efsta hluta grunnvatnskerfisins á Heimaey er vel vatnsleiðandi og að sjór á greiða leið inn undir land. Sjávarfalla gættir í efra grunnvatnskerfinu alls staðar á Heimaey og er vatnið nærri grunnvatnsborði ísalt. Efsti hluti grunnvatnskerfisins á Heimaey er almennt hagstæður til öflunar jarðsjávar sem leiðir af sér að endurnýjun jarðsjávar er líkleg til að vera greið án þess að víðtæk áhrif verði af vinnslunni. Talið er að sprungukerfið á Heimaey komi til með að takmarka hversu víðtæk áhrif vinnslunnar í Viðlagafjöru verða ^{7,8}. Samkvæmt greiningu á mögulegu áhrifum grunnvatnsvinnslu í Viðlagafjöru, unnið af Verkfræðistofunni Vatnaskilum ⁹, kemur annars vegar fram að áhrif grynnri vinnslu jarðsjávar úr lögn á 5-10 m dýpi verði væntanlega mest innan sjávarkambslagsins. Mögulega teygir niðurdráttur vatnsborðs sig eitthvað inn til landsins í Eldfellshrauni á takmörkuðu svæði við Viðlagafjöru vegna hárrar bergleiðni hraunsins. Heilt yfir er því gert ráð fyrir að áhrifin verði á tiltölulega takmörkuðu svæði við Viðlagafjöru og einungis innan efri grunnvatnsleiðarans. Hins vegar verða áhrif úr neðsta hluta efri leiðarans í Viðlagafjöru úr borholum á 40-60 m dýpi eðli málsins skv. háður vinnslumagni, en líklega takmörkuð vegna mjög hárrar bergleiðni. Mögulega takmarka nærliggjandi sprungur Austurbeltisins útbreiðslu niðurdráttar enn frekar. Gert er ráð fyrir að þrýstingsáhrif vegna vinnslu í efri leiðaranum hafi lítil áhrif á neðri leiðarann vegna sjávarsetlags á milli efri leiðara og þess neðri.

Skipulagsstofnun telur í ljósi þess sem rakið er hér að framan, að áfangaskipta þurfi fyrirhugaðri uppbyggingu eldisins, líkt og framkvæmdaraðili áformar, til þess að unnt sé að meta betur áhrif grunnvatnsvinnslunnar með hliðsjón af vöktun. Skipulagsstofnun telur að í nýtingarleyfi þurfi að setja skilyrði um áfangaskiptingu sem og vöktun og viðbrögð ef vöktun leiðir í ljós víðtækari áhrif grunnvatnsvinnslu en gert hafi verið ráð fyrir.

3.2 Fráveita, úrgangur og viðtaki

3.2.1 Mat framkvæmdaraðila

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að viðtaki fráveituvatns frá fiskeldinu í Viðlagafjöru sé strandsjór. Staðbundið álag sé á viðtakanum (Vatnshlot - Dyrhóley að Þorlákshöfn) vegna losunar fráveituvatns frá skólphreinsistöð Vestmannaeyjabæjar, þriggja fiskvinnsla auk tveggja fiskimjölsverksmiðja en engin fráveitulosun sé í Viðlagafjöru í dag.

⁷ Orkustofnun, 1982. *Grunnvatnsathuganir fyrir Hitaveitu Vestmannaeyja*. Mars 1982. Skilgrein OS82032/VOD20 B.

⁸ Orkustofnun, 1987. *Orkuöflun til húshitunar í Vestmannaeyjum. Niðurstöður borana í hraunið og horfur í nóvember 1987*. Nefnd um orkuöflun til húshitunar í Vestmannaeyjum. Unnið fyrir Iðnaðarráðuneytið. Nóvember 1987. OS-87049/JHD-10.

⁹ Eric M. Myer og Sveinn Óli Pálmason, 2022. *Greining tiltækra upplýsinga til mats á mögulegum áhrifum grunnvatnsvinnslu í Viðlagafjöru, Vatnaskil verkfræðistofa*. Unnið fyrir Icelandic Land Farmed Salmon.



Samkvæmt aðalvalkosti áformar framkvæmdaraðili losun á fráveitu í viðtakatjörn og verður hreinsun með þeim hætti að í eldiskerjum verða tromlusíur sem sía frá fódurleifar og úrgangsefni. Í hverju kari verður dauðfiskagildra og verður dauðfiskur hreinsaður að lágmarki einu sinni á sólahring. Frá eldiskerjum fer yfirfallsvatn í hreinsistöð sem grófhreinsar frárennslíð frekar áður en því er hleypt í steypa fortjörn viðtakatjarnarinnar. Í fortjörn mun eiga sér stað enn frekari botnfelling svifagna. Set af botni fortjarnarinnar verði hreinsað eftir þörfum og sett í mykjutank. Viðtakatjörnin er síðan lokaáfangi hreinsunarinnar og verður sett gróf mól í botninn til að tryggja jafna lekt niður í neðri jarðlög. Hreinsun á eldisvatni verður töluverð með þessum valkosti, þar sem tromlusía verður í hverju kerri sem hreinsar u.þ.b. 75% fastefnis. Seyra sem tromlusíur hreinsa frá, fer í mykjutank og verður mögulega nýtt til landgræðslu.

Fram kemur að annar valkostur við losun fráveitu sé að veita fráveituvatni úr eldiskerjum til sjávar um stökk sem endi í varnargarði neðan við eldisstöðina, þaðan sem fráveituvatnið streymi til sjávar. Hafstraumar á þessum slóðum séu afar sterkir og hraun undir viðtakatjörninni gropið, svo sjór gengur inn og út úr hrauninu í takt við sjávarföll. Í ljósi ofangreinds telur framkvæmdaraðili að áhrif frárennslis á viðtaka verði óveruleg, burtséð frá því hvor valkostur verði fyrir valinu.

Fram kemur varðandi fráveitu frá fyrirhugaðri seiðaeldisstöð framkvæmdaraðila í Friðarhöfn, að gert sé ráð fyrir að tromlusíur hreinsi fasta efnið frá fráveituvatninu sem síðan fari inn á fráveitukerfi Vestmannaeyjabæjar. Framkvæmdaraðili telur að fráveita frá seiðaeldisstöðinni verði óveruleg aukning við fráveitu sveitarfélagsins og að áhrif verði óveruleg á viðtaka.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Fram kemur að vöktun viðtaka verði hagað í samræmi við útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar, m.a. verði regluleg vöktun við útrás.

3.2.2 Umsagnir og svör framkvæmdaraðila

Umhverfisstofnun bendir á að ef til kemur að framkvæmdaraðili geti ekki nýtt viðtakatjörn til frekari hreinsunar á fráveituvatni og þarf að nýta lagnir í stokki til sjávar, skulu þær lagðar í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólþ. Ef ómögulegt reynist vegna landfræðilegra aðstæðna að leggja fráveitulögn í samræmi við kröfur reglugerðarinnar getur framkvæmdaraðili óskað eftir undanþágu fyrir lagningu útrásar til heilbrigðisnefndar. Einnig bendir stofnunin á að notkun fastefnis/seyru til áburðar er háð samþykki Matvælastofnunar.

3.2.3 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Fyrir liggur, skv. framlögðum gögnum, að hreinsibúnaður mun sía út fast efni en næringarefni í uppleystu formi koma til með að berast með frárennslí úr viðtakatjörn eða til sjávar um frárennslislögn. Samkvæmt umfjöllun í umhverfismatsskýrslu er nokkur munur á magni losunar næringarefna á milli valkosta fyrir fráveitu í Viðlagafjöru. Fráveita í viðtakatjörn mun skila um þriðjungi þeirra næringarefna í viðtaka sem fráveitulögn til sjávar mun gera. Magn fráveituvatns verður hlutfallslega lítið miðað við rúmmál þess viðtaka sem um ræðir, sem í þessu tilfelli er straumpungt haf og því má búast við að þynning verði mikil. Áform framkvæmdaraðila ganga út á að notast ekki við lyf í eldisstarfssemi, fyrir utan bólusetningarlyf, og því verður ekki um lyfjaleifar að ræða í eldisvatni frá starfseminni í Viðlagafjöru eða Friðarhöfn. Með hliðsjón af áformum framkvæmdaraðila um meðhöndlun á frárennslí í Viðlagafjöru og í ljósi þess að frárennslí mun renna til sjávar, telur Skipulagsstofnun að áhrif frárennslis á viðtakann/sjó og lífríki fjöru séu ekki líkleg til að verða veruleg, óháð valkostum. Skipulagsstofnun telur hins vegar mikilvægt að gengið verði úr skugga um að sjór og lífríki fjöru verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum af völdum fráveitu og því þurfi að setja skilyrði í starfsleyfi um reglubundið eftirlit með virkni hreinsibúnaðar, losun mengunarefna og ástandi viðtaka.



Varðandi áhrif á viðtaka frá frárennsli seiðaeldisstöðvarinnar við Friðarhöfn, sem nýta mun fráveitukerfi sveitarfélagsins, er ljóst að skv. Stöðuskýrslu fráveitumála fyrir árið 2020¹⁰, stenst fráveitan ekki þær kröfur sem gerðar eru varðandi hreinsun. Umrædd fráveita eigi að vera með tveggja þrepa hreinsun, nema viðtaki sé skilgreindur sem síður viðkvæmur, en sveitarfélagið hefur fram að þessu ekki óskað eftir því að viðtakinn sé skilgreindur sem síður viðkvæmur til þess að geta starfrækt eins þrepa hreinsistöð. Samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp, skal iðnaðarskólpi sem veitt er í safnræsi og fráveitur fyrir þéttbýli forhreinsað.

3.3 Landslag ásýnd og útivist

3.3.1 Mat framkvæmdaraðila

Í umhverfismatskýrslu kemur fram að möguleg áhrif framkvæmdarinnar á landslag, og ásýnd tengist mannvirkjum sem reist verði fyrir eldisstöðina, vegagerð, brimvarnargarði og lager jarðefnabirgða.

Fram kemur að Viðlagafjara sé á austasta hluta Heimaeyjar, að mestum hluta ofan á setmyndun sem myndast hafi eftir gosið árið 1973. Fjaran er umlukin nútímahrauni og einkennist ásýnd svæðisins til vesturs, suðvesturs og norðvesturs af grófu, gróðurlitlu hrauni. Landslag í fjörunni einkennist af bæði fínu sjávarseti og stórgrýti. Sandur og sandhólar eru víðsvegar í fjörunni ásamt stórgrýttum hólum sem mótast hafa vegna ágangi sjávar og starfsemi manna í fjörunni. Efnistaka hefur verið í fjörunni um langt skeið og eru ummerki þess greinileg. Með ágangi sjávar hefur myndast garður við norðaustur enda fjörunnar þar sem stórgrýti hefur safnast upp. Grunnástand svæðisins gefur þó einnig til kynna að á svæðinu hafi farið fram losun og geymsla á efnum. Fram kemur að tveir áningarstaðir séu í nálægð við framkvæmdasvæðið og er annar þeirra staðsettur rétt áður en komið er að svæðinu við Viðlagafjöru þegar ekið er eftir Eldfellsvegi og er sá áningarstaður fyrir ferðamenn og íbúa. Einnig er Urðarviti áningarstaður sunnan framkvæmdarsvæðisins en umferð um Urðarviti er ekki mikil. Að mati framkvæmdaraðila er núverandi yfirbragð svæðisins í Viðlagafjöru slæmt en með tilkomu fiskeldisins verður svæðið hreinsað og óaskilegri losun hætt á svæðinu. Með því að vanda litaval á mannvirkjum megi fella stöðina vel að nærumhverfi sínu sem dregur úr neikvæðum ásynðaráhrifum eldisins og megi gera ráð fyrir að áhrif á ásýnd geti orðið talsvert jákvæð miðað við núverandi ástand svæðisins.

Framkvæmdaraðili telur að áhrif á uppbyggingu seiðaeldisstöðvarinnar hafa óveruleg áhrif á ásýnd þar sem svæðið sé skilgreint sem hafnarsvæði og bygging mun koma til með líkjast öðrum byggingum í nærumhverfi stöðvarinnar.

3.3.2 Umsagnir og svör framkvæmdaraðila

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) kemur fram að stofnunin taki ekki undir niðurstöðu að áhrif á landslag og sjónræn áhrif verði jákvæð, því þótt farið verði í tiltekt á svæðinu þá mun tilkoma stórra, áberandi bygginga og annarra mannvirkja gjörbreyta ásýnd svæðisins þar sem landeldisstöðin rís og færa það enn fjær náttúrulegu ástandi. Þá verður erfiðara að endurheimta náttúrulega ásýnd miðað við það sem mögulegt væri í dag.

Umhverfisstofnun telur afar hæpið að meta áhrif eldisstöðvar að þessari stærðargráðu á landslag, útivist og ferðapjónustu jákvæð. Þau mannvirki sem fylgja fiskeldinu verða að mati stofnunarinnar mjög áberandi, sér í lagi frá Eldfelli og Heimakletti þrátt fyrir að stöðin standi lágt í landi og stöðin verði látin falla að umhverfi sínu eins og mögulegt er með efnis- og litavali. Þá eru ótaldir

¹⁰ Umhverfisstofnun, 2020. *Stöðuskýrsla fráveitumála 2020*. Útgáfunúmer: UST-2022:13



flutningabílar sem munu fara um svæðið sem er á náttúruminjaskrá m.a. vegna stórfenglegs landslags.

Í svari framkvæmdaraðila er tekið undir athugasemd NÍ um að með tilkomu stöðvarinnar þá færist svæðið fjær sínu náttúrulega ástandi. Raunin sé aftur á móti sú að svæðið sé fjarri því að vera í sínu upprunalega ástandi og einkennist nú þegar af raski af mannavöldum. Grunnástand svæðisins ber þess merki að þar hafi farið fram losun og geymsla á efnum auk þess sem þar séu manngerðir efnishólar. Framkvæmdaraðili telur að með tilkomu stöðvarinnar verði svæðið snyrtilegra og betur skipulagt en áður hafi verið.

3.3.3 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Ljóst er að fyrirhuguð framkvæmdasvæði í Viðlagafjöru og við Friðarhöfn bera sterk merki mannlegra umsvifa. Fjölsóttir áningarstaðir eru í grennd auk þess sem Viðlagafjara og svæðið umhverfis er innan verndarsvæðis á náttúruminjaskrá vegna stórfenglegs landslags og fræðslugildis um myndun og mótun lands. Með tilkomu mannvirkja munu verða talsverðar ásynðarbreytingar á svæðinu í Viðlagafjöru en gildi áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda m.t.t. landslags og útivistar er nokkuð hátt þegar á heildina er litið, m.a. vegna nálægðar við fyrrnefnd verndarsvæði og áningarstaði.

Í ljósi ofangreinds telur Skipulagsstofnun að líta verði svo á að áhrif á landslag og ásýnd sem og á útivist verði svæðisbundið nokkuð neikvæð. Að mati Skipulagsstofnunar munu fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að breyta ásýnd svæðisins til frambúðar og upplifun íbúa og vegfarenda sem stunda útivist eða eiga leið um svæðið kemur til með breytast. Á framkvæmdatíma geta áhrif á ásýnd framkvæmdasvæðisins í Viðlagafjöru orðið talsvert neikvæð vegna þess mikla rasks sem fylgir, en þau áhrif verða að hluta tímabundin en varanleg áhrif verða að nokkru leyti háð verktilhögun framkvæmdaraðila. Skipulagsstofnun telur að fyrirkomulag mannvirkja, þ.e. hve vel tekst að fella þau að landi og lágmarka hæð þeirra skipti höfuðmáli m.t.t. áhrifa á ásýnd auk þess sem snyrtileg umgengni sem og frágangur, litaval og lýsing skiptir einnig máli við að draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkjanna og starfseminnar. Leggja þarf áherslu á vandaða hönnun mannvirkja, umhverfismótun og góðan frágang lóðar þar sem slík atriði eru líkleg til að draga mjög úr ásynðaráhrifum framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun telur að slíkar áherslur þurfi að rata inn í framkvæmda- og byggingarleyfi.

3.4 Lyktarmengun

3.4.1 Mat framkvæmdaraðila

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að áhrif framkvæmdarinnar á lykt í sínu næsta nágrenni megi helst rekja til lyktar frá dauðfiski, slóg og úrgangi frá slátrun og laxamykju en framkvæmdaraðili telur það svo að áhrif framkvæmdarinnar af lyktarmengun verði óveruleg. Þó sé ekki hægt að segja til með fullri vissu hvort lyktarmengunar muni gæta frá eldisstöðinni í Viðlagafjöru og því mikilvægt að fylgst verði vel með hvort að ólyktar kunni að gæta vegna starfseminnar þannig að unnt verði að grípa inn í um leið og vart verður við lyktarmengun.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Vöktun fer fram með þeim hætti að framkvæmdaraðili mun í samráði við Vestmannaeyjabæ halda utan um ábendingar, ef einhverjar verða, sökum lyktarónæðis. Ef til þess kemur verður brugðist við með viðeigandi hætti.

Til að draga úr áhrifum sökum lyktarmengunar frá laxamykju mun framkvæmdaraðili, í samráði við Landgræðsluna og Vestmannaeyjabæ dreifa laxamykju þegar vindáttir eru hagstæðar, með tilliti til þéttbýlis og annarra áfangastaða.



3.4.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að framkvæmdaraðili hyggst bregðast við mögulegri lyktaruppsprettu frá starfseminni með því að viðhafa reglulega hreinsun á dauðfisk, auk þess sem úrgangi frá slátrun og laxamykja verða flutt og geymd í lokuðum tönkum. Sambærilegar ráðstafanir verða við seiðaeidisstöðina í Friðarhöfn. Áform eru um að notast við þann lífræna úrgang sem fellur til við eldið, til uppgræðslu í samstafi við Landgræðsluna og Vestmannaeyjabæ.

Skipulagsstofnun telur ljóst að áhrif af völdum lyktarmengunar frá starfsemi eldisins í Viðlagafjöru geta annars vegar orðið nokkuð neikvæð en ætti í öllum tilfellum að vera tímabundin og afturkræf og takmarkast við nærsvæði starfseminnar. Áform framkvæmdaraðila eru til þess fallin að draga mögulega úr ólykt frá starfseminni með frásíun úrgangs og verkun hans. Hins vegar telur Skipulagsstofnun að geymsla og dreifing á mykju sé líkleg til þess að valda ólykt nærri geymslu- og dreifingarstað. Lyktaróþægindi við dreifingu mykjunnar eru þó skammvinn og háð þeirri verktilhögum sem framkvæmdaraðili áformar.

3.5 Jarðefnalager Vestmannaeyja

3.5.1 Mat framkvæmdaraðila

Fram kemur að framkvæmdasvæðið sé á skilgreindu efnistökusvæði (E-1) skv. aðalskipulagi sem hafi verið nýtt til margra ára. Efnisþörf framkvæmdarinnar sé áætluð um 110.000 m³ en til að undirbúa lóðina þurfi að skera úr brekkum og flytja í fyllingu lóðar og vega. Gert sé ráð fyrir því að skeringar verði um 320.000 m³. Á framkvæmdasvæðinu hafi aðallega verið unnið bögglaberg, en bögglaberg er ákjósanlegt efni til notkunar í fyllingar, mannvirkjagerð, steypu, vegagerð o.fl. Um 125.000 m³ af bögglabergi verður losað vegna skeringa á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og verður efninu komið fyrir í gryfjum sunnan við lóðina og á landsvæði sem ætlað sé fyrir annan áfanga framkvæmdarinnar. Efnið verður svo nýtt til framkvæmda í Vestmannaeyjum. Með hliðsjón af ofanrituðu sé það niðurstaða framkvæmdaraðila að efnisvinnsla hafi óveruleg áhrif á jarðefnalager Vestmannaeyja.

3.5.2 Umsagnir og svör framkvæmdaraðila

Í umsögn Vestmannaeyjabæjar kemur fram að lögð sé áhersla á að öll jarðefnanotkun verði í samráði við sveitarfélagið og áhersla verði á hagkvæma nýtingu jarðefna og að framkvæmdaraðili nýti aldrei betri/verðmætari jarðefni en þörf sé á hverju sinni. Vestmannaeyjabær vinni að deiliskipulagi fyrir gamla Hraunaveitusvæðið í Eldfellshrauni (AT-2), sem sýni að mögulegt verði að nýta efni þaðan undir mannvirki í Viðlagafjöru, í stað bögglabergs úr Viðlagafjöru.

3.5.3 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Ljóst er að um er að ræða varanlegt jarðefnanám af bögglabergi sem er takmörkuð auðlind í Vestmannaeyjum. Skipulagsstofnun telur að áhrif á jarðefnalager sveitarfélagsins verði að nokkru leyti háð verktilhögum framkvæmdaraðila og þær mótvægisáðgerðir sem boðaðar hafa verið. Með því að hliðra til og geyma verðmætara efni, s.s. bögglaberg verður hægt að lengja þann tíma sem núverandi efnistökusvæði verður í notkun og því síður þörf á að opna ný efnistökusvæði í leit að sambærilegum jarðefnum.

3.6 Atvinnulíf og byggðarþróun

3.6.1 Mat framkvæmdaraðila

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að framkvæmdaraðili meti áhrif framkvæmdarinnar á atvinnulíf og byggðarþróun byggða á upplýsingar um núverandi ástand atvinnulífs og byggðarþróunar í Vestmannaeyjum. Uppbyggingaráfangar munu krefjast nokkurs utanaðkomandi vinnuafis og



tímabundinna starfsmanna, en stefnt sé að versla sem mest af aðföngum og þjónustu í heimabyggð og því vænst að áhrifin vegna uppbyggingarinnar hafi varanleg áhrif í Vestmannaeyjum. Framkvæmdaraðili áætlað að um 200 störf geti skapast þegar starfsemin sé komin í rekstur. Af því sé áætlað um 120 bein störf og 80 afleidd störf. Samkvæmt því megi áætla að útsvarstekjur sveitarfélagsins geti aukist um 240 milljónir kr. auk þess sem sveitarfélagið mun einnig hafa tekjur í formi fasteignagjalda með tilkomu fiskeldisins.

Með hliðsjón að ofanrituðu sé það mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdarinnar á atvinnulíf og byggðarþróun verði talsvert jákvæð. Verið sé að skjóta fleiri, fjölbreyttari og styrkari stöðum undir atvinnulíf og samfélag í Vestmannaeyjum, með atvinnuuppbyggingu sem byggir á styrkleikum svæðisins.

3.6.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Almennt má gera ráð fyrir að uppbygging landeldis í Vestmannaeyjum fjölgi atvinnutækifærum á svæðinu. Gera má ráð fyrir að uppbygging eldisins kalli á aðflutning fólks til að manna störf og þau störf sem kunna að losna vegna tilfærslu fólks í fiskeldi úr öðrum greinum. Skipulagsstofnun telur ákveðna óvissu um hversu mörg störf verða til í Vestmannaeyjum þar sem framkvæmdaraðili byggir mat sitt eingöngu á upplýsingum úr opinberum gögnum, í stað þess að leggja fram eigin áætlun byggða á reynslu annarra af rekstri landeldis, héraðs eða erlendis. Með hliðsjón af framangreindu telur Skipulagsstofnun að áhrif á samfélag og efnahag séu óvissu háð, en geti orðið jákvæð í nærsamfélaginu.

3.7 Fuglalíf

3.7.1 Mat framkvæmdaraðila

Í umhverfismatskýrslu kemur fram að til þess að kanna áhrif fiskeldisins á fuglalíf hafi verið stuðst við fyrirliggjandi gögn og minnisblað frá Náttúrustofu Suðurlands. Vestmannaeyjar séu skilgreindar sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði skv. viðmiðum Alþjóðlegu fuglaverndarsamtakanna. Í Vestmannaeyjum séu mikilvægar varpstöðvar sjófugla auk þess sem stofnar nokkurra tegunda séu svo til eingöngu hægt að finna í Vestmannaeyjum. Þar má meðal annars nefna skrofu, stormsvölu og sjósvölu. Í Vestmannaeyjum sé stærsta lundabyggð landsins, en Lundi er fuglategund sem nær alþjóðlegum verndarviðmiðum. Aðrar fuglategundir, sem finna má í eyjum, sem ná alþjóðlegum verndarmarkmiðum eru stormsvala, skrofa, sjósvala, súla, rita, langvía og álka. Niðurstöður vetrarfuglatalninga hafa sýnt að ekki sé mikið um fuglalíf á framkvæmdarsvæðinu¹¹. Áætla megi að tegundaauði svæðisins sé eitthvað meiri á vorin og á sumrin en sökum þess að svæðið er mikið raskað, lítil gróðurþekja og æti og vindasamt sé ekki gert ráð fyrir að mikill munur sé þar á. Þar að auki er fjaran við framkvæmdarsvæði stórgrytt og óhentugur staður fyrir vaðfugla. Með hliðsjón af ofanrituðu sé það niðurstaða framkvæmdaraðila að framkvæmdin hafi óveruleg staðbundin áhrif á fuglalíf.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Framkvæmdaraðili telur að ekki sé þörf á mótvægisáðgerðum vegna áhrifa framkvæmdarinnar á fuglalíf en leiði vöktun í ljós að fuglar séu að komast í æti frá fiskeldinu eða úr viðtakatjörn mun framkvæmdaraðili grípa til viðeigandi áðgerða m.a. að setja upp fuglahræður á svæðinu og strengja net yfir viðtakatjörn.

¹¹ Náttúrufræðistofnun Íslands, 2020. „Vetrarfuglatalningar - Niðurstöður“. [Rafrænt]. Aðgengilegt á: <https://www.ni.is/greinar/vetrarfuglatalningar-nidurstodur>



3.7.2 Umsagnir og svör framkvæmdaraðila

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að lýsing á svæðinu sé líkleg til að draga að sér lundapysjur, skrofu-, sjósvölu-, stormsvölu- og fýlsunga síðsumars og á haustin þegar þeir fljúga úr hreiðrum. Svæðið verður afgirt og því mikilvægt að starfsmenn eldisins sjái til þess að fuglum sem villast inn á svæðið verði bjargað og komið til sjávar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að jákvætt sé að kerin verði yfirbyggð og þar af leiðandi verði minni ljósmengun sem geti haft áhrif á lundapysjur. Stofnunin tekur undir mikilvægi þess að viðtakatjörnin sé vöktuð og að gripið sé strax til aðgerða ef í ljós kemur að fuglar sæki í tjörnina.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að hönnun stöðvarinnar í Viðlagafjöru fari fram samhliða umhverfismati og kapp verði lagt á að lágmarka umhverfisáhrif hennar. Meðal aðgerða sem gripið verði til sé að fyrirbyggja ljósmengun frá kerjum með því að byggja yfir kerin og þar af leiðandi draga úr líkum á ásókn lundapysja í fiskeldið. Framkvæmdaraðili tekur undir athugasemd Náttúrufræðistofnunar um að líkur séu á því að lýsing á svæðinu geti laðað að sér fugla og mikilvægi þess að þeim, sem villast inn á svæðið, sé komið til sjávar.

3.7.3 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að áhrif á fuglalíf verði mögulega háð þeim valkostum um fráveitu og þeim mótvægisáðgerðum sem kynntar hafa verið. Skipulagsstofnun telur að með þeim valkosti sem feli í sér losun frárennslis í viðtakatjörn, með boðaðri vöktun á ásókn fugla, vera síður til þess fallinn að valda neikvæðum áhrifum á fugla, vegna ítarlegri hreinsunar frárennslis. Hins vegar ef sá kostur verði fyrir valinu að veita frárennslis beint til sjávar, sé viðbúið að fæðuframboð aukist fyrir ýmsar fuglategundir í nágrenni Viðlagafjöru. Líklegt er að fiskur komi til með að sækja í æti við útfall frárennslis sem getur þá orðið bráð ýmissa sjófugla. Þar af leiðandi getur aukið fæðuframboð í nágrenni útfallsins leitt til staðbundinnar fjölgunar tiltekinna fuglategunda. Ef eldið leiðir til fjölgunar máva við Viðlagafjöru er mögulegt að afránsprýstingur hjá öðrum fuglum sem nýta svæðið geti aukist. Skipulagsstofnun telur því að áhrif á fuglalíf m.t.t. þess valkostar að losa frárennslis beint til sjávar geti mögulega verið nokkuð neikvæð en staðbundin. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Náttúrufræðistofnunar að lýsing á svæðinu sé líkleg til að draga að sér ungvíði á haustin þegar þeir fljúga úr hreiðrum. Mikilvægt er að starfsmenn eldisins sjái til þess að fuglum sem villast inn á svæðið verði bjargað og komið til sjávar. Skipulagsstofnun telur að tilefni er til að vakta áhrif eldisins á fuglalíf í Viðlagafjöru og nágrenni og að ástæða sé til að kveða á um slíkt í starfsleyfi.

3.8 Jarðmyndanir og verndarsvæði

3.8.1 Mat framkvæmdaraðila

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að framkvæmdasvæðið standi að mestum hluta á setmyndun sem myndaðist eftir að hraun rann út í sjó í Vestmannaeyjagösinu árið 1973, þar sem fjaran hafi hlaðist upp í smá vog eða vík á milli hrauntauma. Ágangur sjávar sé mikill á þessum slóðum og roföflin hafa gengið á hraunið, brotið það niður og hlaðið því í víkina. Framkvæmdasvæðið sé einnig að hluta á Kirkjubæjarhrauninu úr sama gosi, auk aðkomuvegar og fyrirhugaðra vatns- og raflagna. Sá hluti framkvæmdasvæðisins sem standi á hrauninu sé innan efnistökusvæðis og því á þegar röskuðu svæði. Framkvæmdarsvæðið er innan svæðis á náttúruminjasrá, en í jaðri þriggja hverfisverndarsvæða. Framkvæmdaraðili mun forðast að raska hraunmyndunum utan framkvæmdasvæðis og telur að áhrif framkvæmdarinnar rýri ekki verndargildi svæðanna. Með hliðsjón af ofanrituðu sé það niðurstaða framkvæmdaraðila að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á jarðmyndanir og verndarsvæði.



3.8.2 Umsagnir og svör framkvæmdaraðila

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að þótt framkvæmdasvæðið sé að nær öllu leyti á röskuðu svæði þá þurfi að taka tillit til þess að svæðið sé umkringgt afar merkilegum jarðfræðiminjum sem hafi hátt verndargildi. Auk þess sé landslag umhverfis framkvæmdasvæðið að mörgu leyti einstakt hérlendis enda fáir staðir þar sem jafn nýleg hraun hafa flætt til sjávar. Þá er allt svæðið á náttúruminjasrá.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji jákvætt að ákveðið hafi verið að byggja upp núverandi veg frekar en að raska hrauni sem njóti verndar skv. lögum um náttúruvernd.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að rík áhersla verði lögð á takmarka allt óþarfa rask. Framkvæmdaraðili muni miðla þeim upplýsingum áleiðis til verktaka að framkvæmdarsvæðið sé umlukíð náttúru sem hafi hátt verndargildi. Jafnframt verða þær áherslur, sem settar séu fram í umhverfismatsskýrslu til að forðast óþarfa rask, tilgreindar í útboðsgögnum.

3.8.3 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun um nauðsyn þess að taka tillit til sérstöðu svæðisins m.t.t. staðsetningar í nágrenni jarðfræðiminja sem hafa hátt verndargildi. Stofnunin tekur einnig undir með Umhverfisstofnun að jákvætt er að ákveðið hefur verið að byggja upp núverandi veg frekar en að raska hrauni sem njóti verndar. Hins vegar er viðbúið að svo umfangsmikil framkvæmd hafi áhrif á heildarásýnd svæðis, sem nýtur verndar vegna stórfenglegs landslags en framkvæmdasvæðið er hluti af og tilheyrir svæði sem hefur verið raskað vegna efnistöku fyrri tíðar og annarri starfsemi. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdirnar munu ekki hafa veruleg áhrif á eldhraun umfram það sem þegar er orðið og komi ekki til með að rýra verndargildi þess en stofnunin leggur ríka áherslu á að við fyrirhugaðar framkvæmdir verði staðið þannig að verki að hrauninu verði ekki raskað meira en þegar er orðið.

4 Skipulag og leyfi

Samkvæmt Aðalskipulag Vestmannaeyja 2015-2035 er ekki gert ráð fyrir fiskeldi í Viðlagafjöru. Á svæðinu þar sem fyrirhugað landeldi verður staðsett er nú þegar skilgreint 20,1 ha efnistökusvæði (E-1), þar sem m.a. er heimiluð efnistaka, allt að 150.000 m³. Í breytingu á aðalskipulagi felst að afmörkun efnistökusvæðis er breytt (verður 5,1 ha) og afmarkað nýtt 16 ha iðnaðarsvæði 13 þar sem fyrirhugað er að byggja fiskeldisstöð fyrir allt að 11.500 tonna ársframleiðslu af óslægðum fiski. Framkvæmdin er því í ósamsæmi við gildandi aðalskipulag, en unnið er að breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja sem bíður staðfestingar.

Fyrir liggur samþykkt deiliskipulag fyrir Viðlagafjöru 1 sem bíður gildistöku þar til breyting á aðalskipulagi fyrir umrætt svæði hefur tekið gildi.

Samkvæmt Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 er svæðið þar sem seiðaeldisstöðin mun standa skilgreint sem hafnarsvæðið H-2.

Gerð var breyting á deiliskipulagi hafnarsvæðis við Eiðið, vesturhluta, vegna seiðaeldisstöðvar við Strandveg 104 sem tók gildi 20. október 2022.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Vestmannaeyjabæjar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi skv. mannvirkjalögum. Einnig er hún háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit auk starfsleyfis heilbrigðisnefndar skv. reglugerð um fráveitur og skólp og lögum um matvæli. Þá þarf að afla rekstrarleyfis Matvælastofnunar skv. lögum og reglugerð um fiskeldi og jafnframt þarf leyfi Orkustofnunar til nýtingar á jarðsjó skv. lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.



5 Niðurstaða

Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir umhverfismatsskýrslu Icelandic Land Farmed Salmon um eldisstöð laxfiska á landi í Vestmannaeyjum sem lögð var fram samkvæmt 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsstofnun telur að umhverfismatsskýrslan uppfylli skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umhverfismatsskýrslu Icelandic Land Farmed Salmon eru kynnt áform um eldisstöð laxfiska á landi í Viðlagafjöru auk seiðaeldisstöðvar í Friðarhöfn í Vestmannaeyjum.

Skipulagsstofnun telur ljóst að fyrirhugaðar framkvæmdir koma til með að breyta ásýnd svæðisins til frambúðar og upplifun íbúa og vegfarenda sem stunda útivist eða eiga leið um svæðið komi til með breytast. Á framkvæmdatíma verða áhrif á ásýnd framkvæmdasvæðisins í Viðlagafjöru talsvert neikvæð vegna þess mikla rasks sem fylgir, en þau áhrif verða að hluta tímabundin en varanleg áhrif verða að nokkru leyti háð verktilhögun framkvæmdaraðila. Skipulagsstofnun telur að líta verði svo á að áhrif á landslag og ásýnd sem og á útivist verði svæðisbundið nokkuð neikvæð.

Skipulagsstofnun telur að sá valkostur sem feli í sér losun frárennslis í viðtakatjörn sé síður til þess fallinn að valda neikvæðum áhrifum á fugla en sá kostur að veita frárennslis beint til sjávar þar sem þá sé viðbúið að fæðuframboð aukist fyrir ýmsar fuglategundir í nágrenni Viðlagafjöru. Ef eldið leiðir til fjölgunar máva er mögulegt að afránsprýstingur hjá öðrum fuglum sem nýta svæðið geti aukist. Skipulagsstofnun telur því að áhrif á fuglalíf m.t.t. þess valkostar að losa frárennslis beint til sjávar geti mögulega verið nokkuð neikvæð en staðbundin. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að lýsing frá starfsemi sé skermuð vel af til þess að draga úr líkum á að lundapysjur sæki inn á svæðið á haustin þegar þeir fljúga úr hreiðrum.

Varðandi áhrif fráveitu og úrgangs á viðtaka frá frárennslis eldisstöðvarinnar í Viðlagafjöru þá mun hreinsibúnaður síá út fast efni en næringarefni í uppleystu formi koma til með að berast með frárennslis úr viðtakatjörn eða til sjávar um frárennslislögn. Magn fráveituvatns verður hlutfallslega lítið miðað við rúmmál þess viðtaka sem um ræðir, sem í þessu tilfelli er straupþungt haf og því má búast við að þynning verði mikil. Með hliðsjón af áformum framkvæmdaraðila telur Skipulagsstofnun að áhrif frárennslis á viðtakann/sjó og lífríki fjöru séu ekki líkleg til að verða veruleg, óháð valkostum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir munu, að mati Skipulagsstofnunar, ekki hafa veruleg áhrif á eldhraun og rýra verndargildi svo framarlega sem staðið verði þannig að verki að hrauninu verði ekki raskað meira en þegar er orðið.

Varðandi áhrif af grunnvatnsvinnslu, liggur fyrir að berggrunnurinn í efsta hluta grunnvatnskerfisins á Heimaey er vel vatnsleiðandi og að sjór á greiða leið inn undir land. Sjávarfalla gæti í efra grunnvatnskerfinu alls staðar á Heimaey og er vatnið nærri grunnvatnsborði ísalt og lítið sem ekkert ferskvatnslag til staðar. Skv. framlögðum gögnum verður endurnýjun jarðsjávar greið í stað þess vatns sem dælt verður upp. Lögð er áhersla á að sett verði ákvæði um vöktun og eftirlit með nýtingu jarðsjávarins.

Einhverrar ólyktar kann að gæta frá starfsemi eldisins í Viðlagafjöru sem og við dreifingu mykjunnar en óþægindi af völdum hennar verða staðbundin og skammvinn.

Leyfisveitingar og skilyrði

Skipulagsstofnun telur að í nýtingarleyfi þurfi að setja skilyrði um áfangaskiptingu grunnvatnsvinnslu sem og vöktun og viðbrögð ef vöktun leiðir í ljós víðtækari áhrif en gert hafi verið ráð fyrir.



Skipulagsstofnun telur mikilvægt að gengið verði úr skugga um að sjór og lífríki fjöru verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum af völdum fráveitu og því þurfi að setja skilyrði í starfsleyfi um reglubundið eftirlit með virkni hreinsibúnaðar, losun mengunarefna og ástandi viðtaka.

Skipulagsstofnun telur að setja verði skilyrði í framkvæmda- og byggingarleyfi um vandaða hönnun mannvirkja, umhverfismótun og góðan frágang lóðar þar sem slík atriði eru líkleg til að draga mjög úr ásýndaráhrifum framkvæmdarinnar.

Skipulagsstofnun telur að tilefni er til að vakta áhrif eldisins á fuglalíf í Viðlagafjöru og nágrenni og að ástæða er til að kveða á um slíkt í starfsleyfi.

Reykjavík, 29. desember 2022

Jakob Gunnarsson

Jón Smári Jónsson